

Til: Háttvirtrar allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis Íslands  
Frá: Stjórn Rithöfundasambands Íslands  
Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal

Leitað hefur verið til Rithöfundasambands Íslands varðandi umsögn um þingmál nr. 193 sem finna má á þingskjali nr. 264. Með bréfi þessu vill stjórn Rithöfundasambands Íslands veita umsögn vegna téðrar tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal sem er til umfjöllunar í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Stjórn RSÍ er eindregið fylgjandi þingsályktunartillögunni og álitur málið hagsmunamál fyrir bókmenntirnar.

Afar brýnt er að staðið sé vel að uppbyggingu safna og fræðslusetra um mikilvæg skáld og rithöfunda í landinu og ennfremur að eftirfylgni sé með því hvernig til takist, jafnt þótt stjórnvöld þurfi að létta undir með atorkusömum einstaklingum, svo þar geti farið fram öflug og lifandi starfsemi. Samanburður við önnur lönd sýnir að skáldahús eru síst mörg á Íslandi og væri of langt mál að telja það sem norræn og evrópsk stjórnvöld koma að í því samhengi, gjarnan í samstarfi við einkaaðila.

Skáldahús eru nokkur víða um land og hefur starfið hvarvetna verið farsælt. Mikilvægt er að efla bókmenntalegt líf á landsbyggðinni enda hverri þjóð er hollt að brjóta niður múra milli borga og sveita. Reykjavík nýtur góðs af að vera bókmenntaborg Unesco og mikilvægt að efla sambærilegt starf á landsbyggðinni. Staðsetning setursins er ekki aðeins í ægifagurri náttúru heldur er hún vegna nálægðar sinnar við þéttbýli kjörin til að halda uppi lifandi safna- og fræðslustarfi og heiðra minningu Jónasar Hallgrímssonar með öflugu bókmenntalífi.

Stjórn RSÍ álitur heppilegan þátt í starfsemi setursins að vinnuaðstaðan á Hrauni í Öxnadal komist aftur í gagnið og verði leigð út til fræðimanna og rithöfunda.

Íslendingar eru bókmenntaþjóð og bókmenntaleg slagsíða þeirra er einstök á heimsvísu. Fáheyrt er meðal menningarþjóða að svo rík áhersla hafi alla tíð verið á bókmenntir. Ekkert bendir til þess að þetta sé að breytast, enda sýnir nýleg skoðanakönnun RSÍ yfir 93% stuðning landsmanna við bókmenntir og rithöfunda. Þessu mega stórnvöld aldrei missa sjónar á. Nútíminn kallar í síauknum á skáldahús af þessu tagi, hvert sem litið er í hinum vestræna heimi. Mat stjórnar RSÍ er að vilji þjóðarinnar standi eindregið til starfsemi af þessum toga.

Virðingarfyllt,  
Stjórn Rithöfundasambands Íslands